
*Drög að skýrslu og tillögum
stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan
fyrir hverfisráð*



Nóvember 2018

Inngangur

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fresta kosningum í öll hverfisráð Reykjavíkurborgar til áramóta 2018-2019 og jafnframt leysa sitjandi hverfisráð frá störfum. Skýrsla um framtíðarsýn fyrir hverfisráðin hefur verið í vinnslu á vettvangi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, til umsagnar hjá hverfisráðum og fagráðum og til umræðu í borgarstjórn. Endanlegar tillögur verða unnar á vettvangi mannréttinda- og lýðræðisráðs og lagðar fyrir borgarstjórn í lok þessa árs.

Tillagan var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 13. september 2018 var lagt fram erindisbréf um stýrihóp um framtíðarskipan hverfisráða. Erindisbréfið var samþykkt samhljóða.

Hlutverk stýrihópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að gera tillögur að framtíðarskipan og stöðu hverfisráða. Í vinnunni tekur stýrihópurinn mið af skýrslu um framtíðarsýn fyrir hverfisráð sem unnin var af Stjórnkerfis- og lýðræðisráði á árunum 2017-2018. Stýrihópurinn lagði áherslu á samráð við íbúa í hverfunum og aðra hagsmunaaðila í þessari vinnu m. a með því að bjóða til samræðu á opnum fundum í öllum hverfum.

Helstu verkefni stýrihópsins voru eftirfarandi:

- Að gera stöðu hverfisráða skýrari innan borgarkerfisins. Í því felst m.a. að skilgreina tengingu þeirra inn í borgarkerfið og hvernig efla má aðgengi þeirra að starfsfólki borgarinnar.
- Að skýra valdsvið hverfisráða yfir málefnum og rekstri sem varða starfssvæði þeirra. Útfært sé m.a. með hvaða hætti hverfisráð komi að hverfisbundinni stefnumótun, innleiðingu stefnu, ákvarðanatöku, samráði og útteilingu fjármagns þvert á borgarkerfið.
- Að efla hverfisráð sem vettvang staðbundinnar valdeflingar. Markmiðið er að þau hafi sterk tengsl við fyrirtæki, félagasamtök, grasrótahreyfingar og íbúasamtök á sínu starfssvæði og gefi íbúum tækifæri til að hafa áhrif í borgarkerfinu.
- Að skila tillögum um verksvið og fyrirkomulag hverfisráða.

Stýrihópurinn skipaðu:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Pírata, formaður

Þorkell Heiðarsson, fulltrúi Samfylkingar

Gunnlaugur Bragi Björnsson, fulltrúi Viðreisnar

Örn Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Daníel Örn Arnarsson, fulltrúi Sósíalístaflokksins.

Með stýrihópnum starfaði Elísabet Pétursdóttir, starfsmaður mannréttindaskrifstofu og Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson, sem vann drög að skýrslu um framtíðarsýn hverfisráða 2017 – 2018, ásamt formanni stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Stýrihópurinn starfaði á tímabilinu 19. september 2018 til 13. nóvember 2018. Hópurinn hélt alls 7 fundi auk þess að boða til opinna funda í öllum hverfum borgarinnar sem voru einnig 7 talsins. Á þá fundi voru boðaðar sérstaklega stjórnir hverfisráða sem voru að störfum út kjörtímabilið 2014-2018 og stjórnir íbúasamtaka í hverfunum. Þessum aðilum var boðið að taka til máls í upphafi hvers fundar um þeirra áherslur á vettvangi hverfissamráðs og hvernig þessir aðilar sáu fyrir sér framtíðarsýn og endurskipulagningu ráðanna. Að öðru leyti var um óformlegan umræðuvettvang að ræða þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar voru hvattir til að tjá sína upplifun af hverfisráðum og starfsemi þeirra.

Að auki var framkvæmdastjórum og félagsauðsfulltrúum þjónustumiðstöðva boðið sérstaklega á opnu fundina ásamt þeim aðilum sem komið hafa að eflingu félagsauðs í hverfunum.

Eftirtaldir fundir voru haldnir í hverfum borgarinnar.

Kjalarnes, haldinn þann 3. október.

Breiðholt, haldinn þann 17. október.

Árbær, haldinn þann 24. október.

Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur, haldinn þann 25. október.

Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir, haldinn þann 31. október

Vesturbær, Miðborg og Hlíðar, haldinn þann 1. nóvember

Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur, haldinn þann 7. nóvember.

Hópurinn fékk eftirtalda aðila á fundi stýrihópsins:

- Ómar Einarsson, sviðstjóra ÍTR
- Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Hverfisstjóri Breiðholts
- Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis
- Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts
- Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness
- Sigprúður Erla Arnarsdóttir, framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Stýrihópurinn skoðaði eftirtalin gögn við vinnu sína;

Þjónustuborgin Reykjavík, Niðurstöður starfshóps um hverfabjónustu og hverfisráð. Júní 2012.

Þjónustumiðstöðvar og hverfisráð, úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Október 2016.

Framtíðarsýn hverfisráða, 2017-2018.

Umsagnir hverfisráða um skýrslu úttekt innri endurskoðunar, 2017.

Umsagnir fagsviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar um skýrsluna Framtíðarsýn hverfisráða, 2017-2018.

Samantekt – helstu tillögur

Á opnum fundum stýrihópsins í öllum hverfum borgarinnar virðist vera samhljómur um um eftirfarandi þætti sem snúa að aukinni virkni hverfisráða;

- ✓ Borgarhlutaráð fái aukna virðingu og rödd innan borgarkerfis
- ✓ Beinni tengingu við borgarkerfið með setu borgarfulltrúa.
- ✓ Skipan í ráðið skiptir minna máli en vald þeirra og hlutverk. Mikilvægt að tryggja borgarhlutaráðum aukið vald með skýrri aðkomu að ákvarðanatöku.
- ✓ Borgarfulltrúar sitji í borgarhlutaráðum þ.e. eru íbúar eða með tengingu við hverfið.
- ✓ Að borgarfulltrúar hafi atkvæðisrétt í ráðunum.
- ✓ Aðkoma íbúasamtaka að borgarhlutaráðunum, áheyrnafulltrúar þeirra eiga að fá greidd laun eins og aðrir ráðsfulltrúar.
- ✓ Fundir borgarhlutaráða opnir.
- ✓ Fundir borgarhlutaráða auglýstir fyrir íbúa.

- ✓ Mikilvægt að útfæra og formgera umsagnaferli, ábyrgð og eftirfylgni þeirra erinda sem berast frá borgarhlutaráðum inn í borgarkerfið.
- ✓ Tengsl borgarhlutaráða styrkt við fagsvið borgarinnar og frá kerfinu til ráðanna.
- ✓ Fáar átakalínur varðandi sameiningu borgarhlutaráða – helst ef hverfi eru ólík t.d. hluti hverfa er í uppbyggingu og hluti þeirra gróin hverfi. Þar getur verið ólík sýn vegna ólíkra þarfa varðandi skipulagsmál, samgöngur og öryggismál.
- ✓ Aukið fjármagn og umboð til að útdeila því innan hverfis.
- ✓ Aðkoma þjónustumiðstöðva mikilvæg að borgarhlutaráðum vegna utanumhalds og upplýsinga, tenging við formlegu hlið borgarkerfis t.d. fundargerðir, afgreiðsla og boðleiðir.
- ✓ Borgarhlutaráð vel kynnt fyrir íbúum hverfa og íbúasamtökum.
- ✓ Borgarhlutaráð hafi fjölbreytta áheyrnarfulltrúa til að endurspegla þarfir ólíkra íbúa á mismunandi æviskeiðum t.d. úr ungmennaráði og hópi eldri borgara og innflytjenda.

Tillaga til borgarráðs;

Stýrihópurinn leggur til að eftirfarandi tillögur fari í umsagnarferli til fagraða, sviða og miðlægra skrifstofa. Einnig verði íbúum boðið að skila inn umsögnum um tillögurnar. Þurfa umsagnir að berast í síðasta lagi þann 30. nóvember n.k.

1. Tillaga um stofnun 7 borgarhlutaráða.

Lagt er til að stofnuð verði eftirtalin borgarhlutaráð;

- Borgarhlutaráð Kjalarness
- Borgarhlutaráð Grafarvogs
- Borgarhlutaráð Grafarholts og Úlfarsárdals
- Borgarhlutaráð Árbæjar og Norðlingaholts
- Borgarhlutaráð Breiðholts
- Borgarhlutaráð Laugardals, Háaleitis- og Bústaðahverfis
- Borgarhlutaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórn

Kostnaðarmat: Rúmast innan fjárheimild hverfisráða fyrir árið 2019

Greinargerð: Þegar fundað var í hverfum borgarinnar koma fljótlega í ljós að mikilvægt var að halda áfram starfi hverfisráða í borginni. Ekki var sama afstaða til þess hvort sameina mætti hverfisráð á öllum þeim fundum sem haldnir voru. Þannig kom fram að í eldri og grónari hverfum borgarinnar virtist ekki neitt til fyrirstöðu að sameina ráðin. Í þeim hverfum þar sem blandast gróin hverfi og hverfi í uppbyggingu geta hagsmunir skarast. Eins er ljóst að hverfi eins og Kjalarnes sem er staðsett fjarri öðrum hverfum og með sérstaka stöðu vegna þeirrar

staðsetningar er mikilvægt að halda áfram starfsemi hverfiráðsins þótt fjöldi íbúa sé færri en í öðrum borgarhlutum.

Mikilvægt að borgarhlutaráð verði skipuð til tveggja ára, til reynslu, til þess að hægt sé að meta árangur og störf borgarhlutaráðanna í lok árs 2020 og hvað megi betur fara.

2. Tillaga um fjölda fulltrúa í borgarhlutaráðum sem er ætlað að endurspegla ólíkan fjölda íbúa.

Lagt er til að fjöldi fulltrúa í borgarhlutarráðum verði með eftirfarandi hætti;

- Borgarhlutaráð Kjalarness, **5 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Grafarvogs, **5 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Grafarholts og Úlfarsárdals, **5 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Árbæjar og Norðlingaholts, **5 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Breiðholts, **7 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Laugardals, Háaleitis- og Bústaðahverfis, **9 fulltrúar.**
- Borgarhlutaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, **9 fulltrúar.**

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórn

Kostnaðarmat: Rúmast innan fjárheimild hverfisráða fyrir árið 2019

Greinagerð: Borgarhlutar Reykjavíkurborgar eru mismunandi þegar skoðuð er samsetning hverfanna. Fjöldi íbúa í Reykjavík þann 1.1.2018 var rúmlega 126 þúsund. Gert er ráð fyrir að lágmark fulltrúa í borgarhlutaráði verði 5 fulltrúar. Við 20 þúsund íbúa eða fleiri bætast við 2 fulltrúar. Við 30 þúsund og fleiri íbúa bætast við aðrir 2 fulltrúar.

					Íbúar á bakvið hvern fulltrúa
Miðborg, Vesturbær og Hlíðar		<i>Grunnur</i>	<i>Álag</i>	Samtals	
Samtals	35.279	5	4	9	3920
Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir					
Samtals	31.315	5	4	9	3479
Breiðholt					
Samtals	21.900	5	2	7	3129
Árbær og Norðlingaholt					
Samtals	11.268	5	0	5	2254
Grafarvogur					
Samtals	18.113	5	0	5	3623
Grafarholt og Úlfarsárdalur					
Samtals	7.551	5	0	5	1510
Kjalarnes					
Samtals	895	5	0	5	179

3. Tillaga að kosningu fulltrúa í borgarhlutaráð.

Lagt er til að fulltrúar í borgarhlutaráðum verði valdir með með eftirfarandi hætti;

- Borgarhlutaráð Kjalarness, 5 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 1 fulltrúi íbúasamtaka og 2 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Grafarvogs, 5 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 1 fulltrúi íbúasamtaka og 2 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Grafarholts og Úlfarsárdals, 5 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 1 fulltrúi íbúasamtaka og 2 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Árbæjar og Norðlingaholts, 5 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 1 fulltrúi íbúasamtaka og 2 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Breiðholts, 7 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 2 fulltrúar íbúasamtaka og 3 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Laugardals, Háaleitis- og Bústaðahverfis, 9 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 3 fulltrúar íbúasamtaka og 4 fulltrúar valdir með slembivali.
- Borgarhlutaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, 9 fulltrúar.
2 kjörnir fulltrúar, 3 fulltrúar íbúasamtaka og 4 fulltrúar valdir með slembivali.

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórn

Kostnaðarmat: Rúmast innan fjárheimild hverfisráða fyrir árið 2019

Greinagerð;

Borgarhlutaráð kjósi sér sjálft formann.

Kjörnir fulltrúar skulu hafa sterk tengsl við borgarhlutann, helst með eigin búsetu. Af kjörnum fulltrúum skal að lágmarki vera einn borgarfulltrúi.

Séu fleiri íbúasamtök starfandi í borgarhlutanum en pláss er fyrir í ráðinu skulu samtökin hitta starfsmann ráðanna og koma sér saman um lýðræðislega niðurstöðu um notkun sætisins/sætanna í ráðinu og gera grein fyrir þeirri niðurstöðu á fyrsta fundi ráðsins. Taka skal tillit til fjölda íbúa á bak við samtökin við þessa ákvörðun.

Íbúasamtök sem koma til greina við setu í borgarhlutaráði skulu sýna fram á að viðkomandi íbúasamtök starfi með lýðræðislegum hætti. Þannig þarf að liggja fyrir að aðalfundur sé haldinn með sannarlegum hætti og stjórn sé kosinn. Séu engin samtök sem uppfylla ofangreind skilyrði í hverfinu skal sætinu útdeilt með slembivali.

4. Tillaga um að fundir borgarhlutaráða verði að öllu jöfnu opnir og íbúar geti sett mál á dagskrá fundanna.

Lagt er til að allir fundir borgarhlutaráða verði opnir íbúum. Ef einstakir dagskrárliðir krefjast þess að fundir séu lokaðir sé þess sérstaklega getið í fundarboði

Einnig er gert ráð fyrir að íbúar geti komið málum á dagskrá funda borgarhlutaráða með því að senda slíkar beiðnir með viku fyrirvara til borgarhlutaráðanna.

Ábyrgðaraðili: Borgarhlutaráð

Kostnaðarmat: Enginn kostnaður

Greinagerð; Áheyrn verði öllum íbúum aðgengileg en hagsmunaaðilar borgarhlutans fái sérstaka fundarboðun.

5. Tillaga um fundi með ungmennaráðum

Lagt er til að borgarhlutaráðin skuli árlega halda fund með ungmennaráðum borgarhlutanna þar sem málefni ungs fólks verða til umræðu.

Ábyrgðaraðili: Borgarhlutaráð

Kostnaðarmat: Enginn kostnaður

6. Tillaga um fræðslu til fulltrúa í borgarhlutaráðum.

Lagt er til að skipulögð verði ítarleg fræðsla til nýrra fulltrúa í borgarhlutaráðum Reykjavíkur til þess að tryggja þekkingu fulltrúanna á stjórnkerfi borgarinnar og boðleiðum innan þess. Tryggja þarf þekkingu á eftirtöldum verkefnum:

- Stefnumörkun Reykjavíkurborgar og aðkoma íbúa að slíkri stefnumörkun.
- Skipulagsmálum og ferlum þeim tengdum.
- Viðhaldsframkvæmdum.
- Starfsemi þjónustumiðstöðva.
- Starfsemi leik og grunnskóla auk frístundamiðstöðva
- Önnur þau málefni sem snúa að hverfum borgarinnar

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa Borgarstjórnar

Kostnaðarmat: Enginn kostnaður

7. Tillaga um áframhaldandi starf stýrihóps um framtíðarskipan hverfisráða.

Lagt er til að um stýrihópur um framtíðarskipan hverfisráða starfi áfram til þess að tryggja að innleiðing og störf nýrra borgarhlutaráða verði með þeim hætti sem ráð er gert fyrir í tillögum stýrihópsins. Stýrihópurinn vinni að eftirtöldum verkefnum;

- Skýra boðleiðir og ferla vegna verkefna borgarhlutaráða
- Kynna niðurstöðu stýrihópsins fyrir fagráðum borgarinnar
- Vera tengiliður við borgarhlutaráð

Ábyrgðaraðili: Borgarstjórn

Kostnaðarmat: Rúmast innan fjárheimild hverfisráða fyrir árið 2019

8. Tillaga um ráðningu verkefnastjóra borgarhlutaráða og skipan tengiliða þjónustumiðstöðva.

Lagt er til að um ráðin verði sérstakur starfsmaður borgarhlutaráða sem starfi með öllum sjö borgarhlutaráðunum. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að tryggja að verkefni allra borgarhlutaráða verði unnin með sama hætti og hægt að tryggja þekkingu á starfi borgarhlutaráða innan stjórnarsýslu borgarinnar.

Til að tryggja áframhaldandi gott samstarf við þjónustumiðstöðvar borgarinnar er gert ráð fyrir að tengiliður við hverja þjónustumiðstöð verði skipaður til að tryggja upplýsingar um einstök verkefni í hverfum borgarinnar og samstarf við þjónustumiðstöðvar.

Ábyrgðaraðili: Óútfært og framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva.

Kostnaðarmat: Rúmast innan fjárheimild hverfisráða fyrir árið 2019

9. Tillaga um frekari aðkomu borgarhlutaráða að öllum málefnum borgarhlutanna

Lagt er til að stýrihópurinn vinni áfram tillögur að því hvernig sé hægt að auka aðkomu borgarhlutaráðanna að málefnum borgarhlutanna í samráði við fagsvið borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Stýrihópurinn

Kostnaðarmat: Enginn auka kostnaður